

72

24. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hreindýr skulu friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivélum. Nú telur eftirlitsmaður hreindýra, að þeim hafi fjölgað svo, að stofninum stafi eigi hættu af veiðum, og er ráðherra þá rétt að heimila veiðar, enda skal hann þá setja reglur um veiðarnar, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanna og eftirlitsmanns, og kveða á um, hvert renna skuli hagnaður, er verða kann af veiðunum. Heimilt er ráðherra að veita mönnum leyfi til að handsama dýr til eldis.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, skal varða allt að 10000.00 króna sekt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

73

20. apríl

L Ö G

um breyting á póstlögum, nr. 31 12. febr. 1940.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi 2 nýjar málsg., svo hljóðandi:

Í Reykjavík og annars staðar í landinu, þar sem daglegur bréfaútburður fer fram og slíkt þykir henta, getur póstmeistari með samþykki póst- og símamálastjórnar, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, sem póst- og símamálaráðherra setur, gert húseigendum skylt að setja upp bréfaþakassa í eða við hús sín, á þeim stað, sem